

Umsögn

um frumvarp til stjórnarskipunarlaga um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

Frá 2. minni hluta umhverfis- og samgöngunefndar.

Hinn 26. nóvember 2012 barst umhverfis- og samgöngunefnd bréf, dags. 23. nóvember 2012, þar sem stjórnarskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis óskaði eftir umsögn nefndarinnar um þau ákvæði frumvarps til stjórnarskipunarlaga sem varða málefnasvið nefndarinnar, þ.e. 33.–36. gr., um menningarverðmæti, náttúru, umhverfi, dýravernd o.fl., og um VII. kafla frumvarpsins, 105.–108. gr., um sveitarfélög. Óskað var eftir því í bréfinu að umsögnin bærist stjórnarskipunar- og eftirlitsnefnd eigi síðar en á hádegi 10. desember 2012.

Haldnir voru átta fundir um málið í nefndinni, sá fyrsti 27. nóvember 2012 og sá síðasti 18. janúar 2013. Gestum sem komu á fund nefndarinnar var veittur afar takmarkaður tími til að útlista skodanir sínar. Þeir gestir sem komu fyrir nefndina gerðu flestir mjög miklar athugasemdir við þær greinar sem nefndin hafði til umfjöllunar. Stjórnarmeirihlutinn hafnaði beiðni þess efnis að fá fleiri gesti til fundar eða vinna málið áfram. Nefndin hefur ekki fjallað nægilega mikið um málið til að hægt sé að vinna ítarlega umsögn.

Annar minni hluti fordæmir þessi vinnubrögð og telur þau algerlega óverjandi.

Alþingi, 24. janúar 2013.

Ásmundur Einar Daðason.

